



# Kynning á niðurstöðum 2. ársfjórðungs 2024/25

Ágætur gangur í rekstri og sölufjerli á Olíudreifingu hafið

Finnur Oddsson, forstjóri

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

18. október 2024



# Yfirlit

## Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



## Fjórðungur í hnotskurn: Lykiltölur

2F 2024/25 (breyting frá 2F 2023/24)

**46,6** ma.kr.

vörusala

▲ 2,8%

**4,0** ma.kr.

EBITDA

▼ 10,2%

**1,7** ma.kr.

Hagnaður

▼ 17,3%

**21,8%**

framlegðarhlutfall

0,0%stig

**13,5%**

launa- og kostnaðarhlutfall

▲ 1,0%stig


**34,9%**

eiginfjárhlutfall

▼ 1,3%stig


# Ytri áhrifabættir: Heimsmarkaðsverð á olíu í lækkunarfasa á 2F

Visitala neysluverðs, Ársbreyting, %




- Verðbólga nokkuð stöðug á tímabilinu og endaði í 6.0% - verðbólga talsvert lægri en á sama tíma í fyrra og lækkaði svo enn fremur í sept.

Gengi gjaldmiðla, ISK



- Gengi íslensku krónunnar var nokkuð stöðugt gagnvart helstu gjaldmiðlum, en var þó heldur veikara en á samanburðarári

Verðþróun á ULSD (Diesel), USD / mt



- Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði á tímabilinu, en á sama tíma í fyrra var því öfugt farið en þá varð töluverð hækkun

# Rekstur: Þetta stendur upp úr á fjórðungnum

- **Rekstur á 2F gekk ágætlega og samkvæmt áætlunum**, tekjur jukust um 2,8% á milli ára
- **Heimsóknnum í dagvöruverslanir fjölgar á 2F en seldum stykkjum fækkar lítillega** eða um tæplega 1% - **aukning í Bónus** en samdráttur hjá Hagkaup
- **Seldum eldsneytislítrum fækkaði aðeins á fjórðungnum** - stór einkisþisverkefni á samanburðartímabili í fyrra skekkja samanburð
- **Framlegð í krónum talið jókst lítillega á milli ára og framlegðarhlutfallið stóð nánast í stað**, var 21,8% á fjórðungnum
- **Undirbúningur að opnun erlendra vefverslunar með áfengi** stóð yfir á tímabilinu og **opnaði Hagar Wine, dótturfélag Haga, vefverslun með áfengi** í samstarfi við Hagkaup í byrjun september
- **Verðbólga í matvöru hefur minnkað hratt** - aðhald smásala og gott samstarf við helstu birgja skilar árangri, neytendum til hagsbóta
- **Eftir lok ársfjórðungs var tilkynnt** um að Hagar og meðeigendur hefðu ákveðið að **hefja formlegt söluferli á eignarhlutum félaganna í Olíudreifingu**




# Verðslanir og vöruhús: Afkoma heldur áfram að styrkjast

Rekstrarreikningur 2F 2024/25 (m.kr.)

- Tekjur af dagvöru, sérvöru og vöruhúsum jukust um tæp 5% á milli ára og námu tæpum 32,3 ma. kr.
- EBITDA styrktist hlutfallslega meira og var um 3,0 ma. kr., eða 9,2% af tekjum – aukning um rúm 8% frá fyrra ári
- Afkoma starfspáttar styrktist um rúm 15% frá fyrra ári og var um 2,0 ma. kr. í samanburði við 1,7 ma. kr.
- Heimsóknunum í dagvöruverðslanir fjölga áfram, tæp 2%, en stykkjum fækkar lítillega, tæpt 1%
- Áframhaldandi vöxtur hjá Eldum rétt – aukin skilvirkni og minni plastumbúðanotkun með vélvæðingu framleiðsluferla
- Umsvif hjá Aðföngum og Banönum í takti við verðslanir – lítilsháttar samdráttur í sölu til þriðja aðila hjá Banönum
- Uppbygging Stórkaups gengur skv. áætlun með ágættri tekjuaukningu – rekstur Zara gekk vel á 2F

	2F '24/25	2F '23/24	Δ	%Δ
Tekjur	32.257	30.775	1.482	+4,8%
Rekstrargjöld	-29.283	-28.025	-1.258	+4,5%
<b>EBITDA</b>	<b>2.974</b>	<b>2.750</b>	<b>224</b>	<b>+8,1%</b>
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>9,2%</i>	<i>8,9%</i>	<i>+0,3%</i>	<i>+3,2%</i>
<b>Afkoma starfspáttar*</b>	<b>2.004</b>	<b>1.738</b>	<b>266</b>	<b>+15,3%</b>
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>6,2%</i>	<i>5,6%</i>	<i>+0,6%</i>	<i>+10,0%</i>

\*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir og áhrif hlutdeildarfélaganna



## **Bónus: Áframhaldandi aukin aðsókn um land allt**

- **Vörusala á 2F nam 23,4 ma. kr.** og **jókst um 6,5%** frá fyrra ári – afkoma styrkist hlutfallslega meira á milli ára
- **Áframhaldandi aukin umsvif**, viðskiptavinum fjölgar enn og hafa aldrei verið fleiri – lítilsháttar fækkun stykkja sem rata í hverja körfu
- **Vöruúrval í verslunum hefur verið til skoðunar** og verður áfram – úrval aukist í stærri verslunum en lítillega straumlínulagað í minni verslunum – mælist vel fyrir hjá viðskiptavinum
- **Áhersla hjá Bónus sem fyrr að aðstoða viðskiptavini að versla ódýrt**, t.d. finna auðveldlega hagkvæmustu kostina í hverjum vöruflokki, bjóða staðkvæmdarvöru við dýrari vörumerki og fjölga tilboðum
- **Notkun á Gripið & Greitt eykst áfram**, nú í boði í **7 verslunum** og munu **4 nýjar bætast við á næstunni** – **25% aukning í notendum á appi** á síðustu 3 mánuðum
- **Bónus og KKÍ gerðu með sér samstarfssamning þar sem Bónus er nú einn af aðal samstarfsaðilum KKÍ** og munu úrvalsdeildir karla og kvenna bera nafn Bónus



## Hagkaup: Afkoma styrkist á milli ára

- **Vörusala á 2F nam 5,8 ma. kr.** og jókst heldur frá fyrra ári – rekstur og afkoma styrkjast talsvert á milli ára
- **Aðsókn enn sterk í sögulegu samhengi, en seldum stykkjum fækkar þó lítillega frá fyrra ári** – áhrif bruna í Kringlu og breytt samsetning vörukaupa
- **Mikil áhersla á rekstrartengd mál á síðustu misserum til að bæta afkomu** – almenn hagræðing, aðlögun vöruvals, hilluröðun og uppsetning verslana
- **Erlend netverslun Hagar Wine B.V. með áfengi opnaði** í september – umtalsverður undirbúningur hjá Hagkaup sem sinnir samningsbundnu þjónustuhlutverki fyrir HW, m.a. afhendingu
- **Veislupjónusta Hagkaups stækka áfram** - uppselt á stærstu dögum í sumar, t.d. í kringum útskriftir
- **Tilboðsdagar og viðburðir voru áfram vel sóttir**, t.d. „Tax Free“, Breskir dagar, o.s.frv.





# Olís: Sterkur rekstur á 2F – ögrandi samanburður við síðasta ár

Rekstrarreikningur 2F 2024/25 (m.kr.)

- **Tekjur á 2F námu tæpum 14,8 ma. kr.** og drógust saman um 2,3% á milli ára
- **EBITDA nam 1.040 m.kr. (7,0%)** og dróst töluvert saman á milli ára, eða um tæp 40%
- **Heilt yfir sterkur fjórðungur – en samanburður ögrandi við met afkomu sumarið 2023** vegna stórra einkisverkefna og hagfelldra hreyfinga á heimsmarkaðsverði olíu
- **Seldum eldsneytislítrum fækkaði um 4,2%** á fjórðungnum – sbr. stór einkisverkefni á samanburðartímabili
- **Aukning þurrvörusölu** – Grill 66 og Lemon Mini ganga vel - viðskiptavinir nýta sér Wolt í auknum mæli
- **Tekist hefur að hagræða í kostnaði á stöðvum** á sama tíma og þjónusta hefur verið aukin
- **Mikil traffík um stöðvarnar í sumar og sumarið almennt viðburðaríkt** – sumarleikur, sumarmót Olís og ÓB, „Dælum til góðs“ með Landsbjörg og fleira

	2F '24/25	2F '23/24	Δ	%Δ
Tekjur	14.756	15.103	-347	-2,3%
Rekstrargjöld	-13.716	-13.381	-335	+2,5%
<b>EBITDA</b>	<b>1.040</b>	<b>1.722</b>	<b>-682</b>	<b>-39,6%</b>
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>7,0%</i>	<i>11,4%</i>	<i>-4,4%</i>	<i>-38,2%</i>
<b>Afkoma starfspáttar*</b>	<b>906</b>	<b>1.490</b>	<b>-584</b>	<b>-39,2%</b>
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>6,1%</i>	<i>9,9%</i>	<i>-3,7%</i>	<i>-37,8%</i>

\*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir og áhrif hlutdeildarféлага

Félög í starfspætti

The Olís logo is displayed in a large, bold, green font. It consists of the letters 'Olís' in a stylized, lowercase font. The 'O' is a solid green circle, the 'l' is a vertical bar, and the 'ís' are connected and also in green. The logo is centered within a white rectangular area that has a thin brown border.

# **Glans:** Olís mun fljótlega opna bílapvottastöðvar undir nafninu Glans

- **Olís mun opna fyrstu Glans bílapvottastöðina við Langatanga** í Mosfellsbæ á haustmánuðum
- **Fleiri stöðvar Glans munu svo líta dagsins ljós** í kjölfarið eða á árinu 2025
- **Lögð verður áhersla á hraða þjónustu** án þess að gæðum sé fórnað - afkastageta **þvottastöðva félagsins verður mikil**
- **Þvottastöðvarnar verða umhverfisvænar**, næsta kynslóð af snertilausum bílapvotti – sérstaklega er hugað að sjálfbærni í notkun efna og orku
- Glans er liður í því að **bæta við eftirsóknarverðum þjónustupáttum** á stöðvum Olís



# Veigar: Nýrri netverslun með áfengi á vegum Hagar Wine vel tekið (1/2)

- **Netverslun með áfengi á vegum Hagar Wine B.V., dótturfélags Haga, tók til starfa í september** eftir langan undirbúning
- **Markmiðið** að bregðast við þörfum um aukin þægindi og einfaldleika – gefa viðskiptavinum kost á því að **versla áfengi á netinu og sækja um leið og aðrar nauðsynjar**
- **Vatnaskil í málaflokknum urðu á árinu 2023** – tengjast erlendri réttarframkvæmd, starfsemi samkeppnisaðila, áralöngum rekstri netverslana héraendis með áfengi og tilmælum embættismanna
- **Rekstur netverslunar með áfengi í gegnum erlent dótturfélag HW samræmist vel íslenskum lögum og erlendu regluverki** – Hagkaup annast samningsbundna þjónustu



**H**  
VEIGAR  
...þegar þú vilt

## **Veigar:** Nýrri netverslun með áfengi á vegum Hagar Wine vel tekið (2/2)

- **Hagar setja strangari reglur en almennt tíðkast um sölu og framsetningu áfengis héraðs** – stuðlar að ábyrgri kauphegðun og sjónarmiðum um lýðheilsu
- **Áherslur Haga tengdar sjálfbærni og lýðheilsu** hverfast um að bjóða upp á val og tryggja að í því séu aðgengilegir valkostir sem teljast stuðla að hollustu og lýðheilsu
- **Aðgengi að áfengi er mjög mikið á Íslandi** – eykst ekki með tilkomu HW sem mun stuðla að hliðrun á milli söluaðila frekar en aukinni neyslu
- **Verslun er í stöðugri framþróun** í átt að auknu verslunarfrelsi, betra úrvali, meiri þægindum og hagkvæmari kjörum til neytenda
- **Viðskiptavinir** hafa tekið netverslun [www.veigar.eu](http://www.veigar.eu) **opnum** örmun frá fyrsta degi



**H**  
VEIGAR  
...þegar þú vilt

# Yfirlit

Fréttir af starfsemi

**Fjárhagsuppgjör**

Staða og horfur



# Áframhaldandi sterkur rekstur þrátt fyrir lækkun hagnaðar

Rekstrarreikningur 2F 2024/25 (m.kr.)

- **Vörusala á 2F** nam 46,6 ma. kr. og **jókst um 1,3 ma. kr. eða 2,8%** milli ára
- **Framlegð í krónum** talið nam 10,2 ma. kr. og **jókst um 2,7%** milli ára
- **Framlegðarhlutfall nam 21,8%** og stóð nánast í stað milli ára – lítilleg **hækkun í dagvöru en lækkun í eldsneytishluta** samstæðunnar
- **Laun hækkðu** um 9,5% á 2F og **annar rekstrarkostnaður hækkaði** um 15,5%
- **EBITDA** nam 4,0 ma. kr. og **lækkaði um 10,2%** milli ára – hækkun hjá verslunum og vöruhúsum en samdráttur hjá Olís
- **Hagnaður** nam 1,7 ma. kr. og **lækkaði um 17,3%** frá fyrra ári

	2F '24/25	2F '23/24	Δ	%Δ
Vörusala	46.579	45.309	1.270	+2,8%
<b>Framlegð</b>	<b>10.174</b>	<b>9.903</b>	<b>271</b>	<b>+2,7%</b>
Aðrar rekstrartekjur	121	210	-89	-42,4%
Laun og launatengd gjöld	-4.248	-3.881	-367	+9,5%
Annar rekstrarkostnaður	-2.033	-1.760	-273	+15,5%
<b>EBITDA</b>	<b>4.014</b>	<b>4.472</b>	<b>-458</b>	<b>-10,2%</b>
Afskriftir	-1.231	-1.353	122	-9,0%
Hrein fjármagnsgjöld	-746	-639	-107	+16,7%
<b>Hagnaður</b>	<b>1.723</b>	<b>2.084</b>	<b>-361</b>	<b>-17,3%</b>

# Góður framlegðarbati og EBITDA styrkist milli ára

Rekstrarreikningur 6M 2024/25 (m.kr.)

- **Vörusala 6M** nam 90,6 ma. kr. og **jókst um 4,4%** milli ára
- **Söluaukning verslana og vöruhúsa** nam 6,2% og **söluaukning Olís** nam 0,3% milli ára
- **Framlegðarhlutfall nam 21,7% og hækkaði** um 1,0%-stig - hækkun **bæði í dagvöru- og eldsneytishluta**
- **Laun hækkuðu** um 10,4% milli ára og **annar rekstrarkostnaður** um 15,3%
- **EBITDA** nam 7,2 ma. kr. og **jókst um 3,4%** milli ára – EBITDA **verslana og vöruhúsa** jókst um 9,0% en EBITDA **Olís** dróst saman um 10,6% milli ára
- **Hagnaður** nam 2,6 ma.kr. og **lækkar** um 6,0% frá fyrra ári

	6M '24/25	6M '23/24	Δ	%Δ
Vörusala	90.646	86.799	3.847	+4,4%
<b>Framlegð</b>	<b>19.711</b>	<b>17.975</b>	<b>1.736</b>	<b>+9,7%</b>
Aðrar rekstrartekjur	263	404	-141	-34,9%
Laun og launatengd gjöld	-8.625	-7.813	-812	+10,4%
Annar rekstrarkostnaður	-4.121	-3.573	-548	+15,3%
<b>EBITDA</b>	<b>7.228</b>	<b>6.993</b>	<b>235</b>	<b>+3,4%</b>
Afskriftir	-2.612	-2.482	-130	+5,2%
Hrein fjármagnsgjöld	-1.535	-1.265	-270	+21,3%
<b>Hagnaður</b>	<b>2.573</b>	<b>2.737</b>	<b>-164</b>	<b>-6,0%</b>


# Aukin velta en kostnaðarhlutföll hækka aðeins milli ára

Lykilmælikvarðar rekstrar (6M 2020/21 – 6M 2024/25)


- **Áframhaldandi veltuaukning milli ára** - drifin áfram af auknum umsvifum í rekstri og áhrifum verðbólgu
- **Framlegðarhlutfall hækkar** milli ára eftir nokkra lækkun undanfarin ár
- **Launa- og kostnaðarhlutföll hækka** milli ára - **launahlutfall** nú 9,5% og **hlutfall annars rekstrarkostnaðar** 4,5%
- **EBITDA hlutfall** 8,0% á tímabilinu í samanburði við 8,1% í fyrra
- **Hagnaðarhlutfall** 2,8% á 6M í samanburði við 3,2% í fyrra

**Velta og framlegð**

Velta (ma. kr.)




Framlegð (%)




**Rekstrar-kostnaður**

Launahlutfall (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




**Afkoma**

EBITDA hlutfall (%)



Hagnaðarhlutfall (%)





# Handbært fé nemur 3,0 ma. kr. í lok tímabils

Sjóðstreymisyfirlit 6M 2024/25 (m.kr.)

- **Handbært fé frá rekstri** nam tæpum 5,6 ma. kr. á tímabilinu og lækkar um 229 m.kr. frá samanburðarári
- **Fjárfestingarhreyfingar** námu 1,1 ma. kr. á tímabilinu en námu 3,1 ma. kr. í fyrra
- **Fjárfest í áhöldum og innréttingum**, m.a. stækkun og endurbótum á verslun Bónus á Ísafirði, rafrænum hillumiðum í Hagkaup o.fl.
- **Fjármögnunarhreyfingar** námu 3,3 ma. kr., samanborið við 2,8 ma. kr. á fyrra ári
- **Handbært fé hækkaði** um tæpa 1,2 ma. kr. á tímabilinu og nam 3,0 ma. kr. í lok ágúst

	6M 2024/25	6M 2023/24	Breyting
Hagnaður tímabilsins	2.573	2.737	-164
Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi	4.713	4.145	568
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>7.286</b>	<b>6.882</b>	<b>404</b>
Rekstrartengdar eignir	-2.238	-1.123	-1.115
Rekstrartengdar skuldir	2.428	1.448	980
Greiddir vextir og skattar	-1.919	-1.421	-498
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>5.557</b>	<b>5.786</b>	<b>-229</b>
Fjárfestingarhreyfingar	-1.099	-3.127	2.028
Fjármögnunarhreyfingar	-3.301	-2.802	-499
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>1.157</b>	<b>-143</b>	<b>1.300</b>
<b>Handbært fé í lok árs</b>	<b>2.984</b>	<b>2.726</b>	<b>258</b>

# Sterkur efnahagur í lok tímabils

Efnahagsreikningur 31. ágúst 2024 (m.kr.)

- **Fastafjármunir námu** 56,5 ma. kr. og hækkuðu um 375 m.kr. frá árslokum
- **Veltufjármunir hækkuðu** um 3,4 ma. kr. - þar af **hækkaði handbært fé** um 1,2 ma. kr.
- **Birgðir stóðu nánast í stað** frá síðustu árslokum en hækkuðu um 1,1 ma. kr. í samanburði við lok sama tímabils í fyrra - **veltuhraði birgða** nam 11,1 í samanburði við 11,0 í fyrra
- **Viðskiptakröfur hækkuðu** um 2,2 ma. kr. frá árslokum og um 711 m.kr. milli ára – **innheimtutími viðskiptakrafna** 13,3 dagar í samanburði við 12,9 daga í fyrra
- **Eigið fé** nam 28,3 ma. kr. og átti félagið **eigin hluti** að nafnverði 22,1 m.kr. í ágústlok eða 2,0% hlutfjár

	31. 8. 2024	29. 2. 2024	%Δ		31. 8. 2024	29. 2. 2024	%Δ
Rekstrarfjármunir	22.045	22.410	-2%	Vaxtaberandi	11.308	11.286	+0%
Óefnislegar eignir	12.963	12.835	+1%	Leiguskuldir	10.447	9.660	+8%
Aðrir fastafjármunir	21.452	20.840	+3%	Tekjuskattur	2.853	2.193	+30%
<b>Fastafjármunir</b>	<b>56.460</b>	<b>56.085</b>	<b>+1%</b>	<b>Langtímaskuldir</b>	<b>24.608</b>	<b>23.139</b>	<b>+6%</b>
Vörubirgðir	13.085	13.068	+0%	Vaxtaberandi	6.110	5.818	+5%
Viðskiptakröfur	8.436	6.234	+35%	Leiguskuldir	2.615	2.579	+1%
Handbært fé	2.984	1.827	+63%	Viðskiptaskuldir	19.350	17.490	+11%
<b>Veltufjármunir</b>	<b>24.505</b>	<b>21.129</b>	<b>+16%</b>	<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>28.075</b>	<b>25.887</b>	<b>+8%</b>
<b>Samtals eignir</b>	<b>80.965</b>	<b>77.214</b>	<b>+5%</b>	<b>Samtals skuldir</b>	<b>52.683</b>	<b>49.026</b>	<b>+7%</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>80.965</b>	<b>77.214</b>	<b>+5%</b>	<b>Eigið fé</b>	<b>28.282</b>	<b>28.188</b>	<b>+0%</b>


# Eiginfjárhlutfall við markmið stjórnar

Lykilmælikvarðar efnahags (6M 2020/21 – 6M 2024/25)


- **Arðsemi eigin fjár 17,8%** síðastliðna 12 mánuði
- **Eiginfjárhlutfall** í lok 2F nam 34,9% - **markmið stjórnar** um 35,0% hlutfall
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok 2F, að meðtöldum leiguskuldum, voru 27,5 ma. kr. eða 2,1 x 12 mánaða EBITDA
- **Veltufjárhlutfall** í lok 2F var 0,87 - óbreytt frá fyrra ári
- **Veltuhraði í rekstri** var 11,2 dagar samanborið við 13,0 daga á fyrra ári
- **Veltuhraði eigna** var 2,3 í lok ágúst - óbreytt frá fyrra ári

Ávöxtun hluthafa

Arðsemi eigin fjár (%)




Eiginfjárhlutfall (%)




Áhætta í rekstri

Skuldahlutfall<sup>1</sup>




Veltufjárhlutfall<sup>2</sup>




Skilvirkni eigna

Veltuhraði í rekstri (dagafjöldi)<sup>3</sup>



Veltuhraði eigna<sup>4</sup>



1) Nettó vaxtaberandi skuldir (með leiguskuldum) / 12 mánaða EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir  
 3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 4) Vörusala / eignir

# Yfirlit

Fréttir af starfsemi


Fjárhagsuppgjör

**Staða og horfur**



# Gengi og stærstu hluthafar

## Gengi




## Stærstu hluthafar, eignarhlutur við lok 31.08.2024

1. Gildi - lífeyrissjóður	17,7%	6. Birta lífeyrissjóður	7,3%
2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	11,5%	7. Festa - lífeyrissjóður	4,5%
3. Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,6%	8. Stapi lífeyrissjóður	3,5%
4. Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	9,6%	9. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,0%
5. Kaldbakur ehf.	7,8%	10. Lífeyrissjóður starfsm. Rvk-borgar	2,2%

# Hagnaður á hlut styrkist áfram

Uppsafnaður grunnhagnaður á hlut seinustu 12 mánuði (kr. á hlut)


- **Hagnaður á hlut eykst áfram** og er nú uppsafnaður **4,49 kr. á hlut** fyrir síðustu 12 mánuði, en var 3,95 kr. á hlut fyrir ári - **lækkun frá 1F skýrist af óvenju sterkri afkomu Olís á 2F í fyrra** vegna hagfelldra hreyfinga á heimsmarkaðsverði og stórra einkisverkefna, og vegna **hærri fjármagnsgjalda en í fyrra**
- **Bætt afkoma** síðustu misseri byggir á almennri **hagræðingu, stefnumarkandi ákvörðunum** sem reynst hafa vel, **nýjum einingum** og **auknum umsvifum**
- **Áframhaldandi fókus á verkefni** sem hafa **áhrif á rekstur til skemmri tíma**, en einnig á stærri verkefni og **mögulegar nýjar tekjustoðir** umfram kjarnastarfsemi




\* Áhrif vegna viðskipta með Klasa

# Staða og horfur

- Staða Haga og **horfur í rekstri** eru sem fyrr **jákvæðar**:
  - **Rekstrarumhverfi hefur þróast til betri vegar** á undanförunum mánuðum – kjarasamningar til lengri tíma og lækkandi verðbólga
  - **Aðstæður neytenda**, m.a. hærri greiðslubyrði lána, hafa heldur hægt á neyslu heimila – **verslanir Bónus sérstaklega sterkar í slíku árferði**
  - **Rekstur helstu eininga gengur vel** og skilvirkni rekstrar hefur aukist
  - **Nýjar stoðir í rekstri** og tengd félög **hafa jákvæð áhrif á afkomu**, og væntingar um að svo verði áfram
  - **Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk** og fjármögnun tryggð – lækkandi verðbólga og stýrivextir draga úr fjármagnskostnaði
  - Hagar í stöðu til að **nýta tækifæri til að byggja nýja tekjustrauma** og **takast á við þær aðstæður sem upp geta komið** í íslensku efnahagslífi
- **Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2024/25 er óbreytt** og gerir ráð fyrir að **EBITDA** verði á bilinu **13.800-14.300 millj. kr**







# Fyrirtæki í samstæðu Haga

## BÓNUS

Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Verslanir eru 33 talsins en vöruúrval spannar allar helstu meginþarfir heimilishaldsins.

## AÐFÖNG

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði en starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups, Olís og Stórkaup.

## HAGKAUP

Hagkaup er leiðandi smásöluvyrirtæki sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og fjölbreytt vöruúrval. Verslanir eru 7 talsins, auk netverslunar, en helstu vöruflokkar eru matvara, snyrtivörur og leikföng.

## Bananar

Bananar er stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á fersku grænmeti, ávöxtum og berjum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsvyrirtæki landsins. Bananar eru einnig stærsti kaupandi og dreifingaraðili á innlendi grænmetis- og berjaræktun.

## olís

Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti og aðrar olíuvörur, auk skyndibita, ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur ásamt fjölbættri þjónustu við t.d. sjávarútvegs-, verktaka og flutningavyrirtæki um land allt.

## STÓRKAUP |

Stórkaup er heildverslun sem þjónar stórnotendum með aðföng á breiðum grunni þar sem leiðarljós í rekstri eru hagkvæmni, nútímalegt þjónustustig og einfalt skipulag sölu og dreifingar. Helstu vöruflokkar eru rekstrarvörur, heilbrigðisvörur og matvörur.

## ELDUM RÉTT

Eldum rétt býður viðskiptavinum sínum matarpakka, í gegnum netverslun og verslanir Hagkaups, með uppskriftum og hráefni í réttu magni til að elda hollar og bragðgóðar máltíðir, með sem minnstri fyrirhöfn.

## ZARA

Zara er ein stærsta tískuverslunarkeðja í heimi og selur fatnað fyrir fullorðna jafnt sem börn á góðu verði. Haga reka glæsilega verslun Zara í Smáralind.



HLUTDEILDARFÉLÖG INNAN SAMSTÆÐU



LEMON

VÖRUMERKI INNAN SAMSTÆÐU



# Fyrirvari

---

*Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.*

*Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.*

*Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.*

---

**hagar**

The logo for 'hagar' features the word in a bold, lowercase, sans-serif font. It is enclosed within a stylized, horizontal oval shape composed of two thick, curved lines. The top-left and bottom-left portions of these lines are grey, while the top-right and bottom-right portions are orange. The lines are slightly offset from each other, creating a sense of motion or a dynamic frame around the text.